

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

8. maí 2019

**Varðar: Starfsáætlun og drög að rýmingaráætlun**

Á fundi almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins 3. maí sl. var eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, 2019 – 2022.
- Drög að rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, útgáfa 1.0 – 04.04.2019

Starfsáætlunin gildir fyrir núverandi kjörtímabil sveitarfélaga sem lýkur árið 2022, með fyrirvara um breytingar sem kann að vera nauðsynlegt að gera. Þá er sérstaklega horft til endurskoðunar á núverandi hættumati. Framundan eru miklar áskoranir sem þarf að glíma við og má þar sérstaklega nefna afleiðingar loftlagsbreytinga.

Rýmingaráætlun hefur þann tilgang að forða fólki á höfuðborgarsvæðinu úr varhugaverðum aðstæðum og flytja það á milli borgar- og bæjarhluta eða hverfa ef aðstæður krefjast. Áætlunin er í drögum og mun fá frekari umfjöllun í haust.

Á fundi nefndarinnar var bókað að undirritaður færi þess á leit við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að fá tækifæri til þess að kynna starfsáætlunina og rýmingaráætlunina. Mikilvægt er að innviðum sem og yfirstjórn sveitarfélaganna sé kunnugt um innihald áætlanna og hlutverk sitt ef sú staða kemur upp að það þurfi að láta reyna á þessar áætlanir og/eða taka þátt í verkefnum sem þeim tengjast. Það er ekki síður mikilvægt að fá ábendingar og athugasemdir frá öllum sveitarfélögum á meðan rýmingaráætlunin er í vinnslu.

Endilega látið vita hvaða tími hentar til kynningar á netfangið [jvm@shs.is](mailto:jvm@shs.is) eða í síma 894 5421. Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, í netfanginu [thorak@shs.is](mailto:thorak@shs.is).

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,  
framkvæmdastjóri

almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Meðfylgjandi:

Starfsáætlun almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, 2019 -2022.

Rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, útgáfa 1.0 – 04.04.2019